Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2285
komudagur 6.5.2011

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 6. maí 2011

Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til upplýsingalaga, 381. mál.

SFF fengu framangreint frumvarp ekki sent til umsagnar en samtökin vilja koma á framfæri við allserjarnefnd nokkrum athugasemdum við frumvarpið.

SFF taka undir umsögn Landsbankans, dags. 21. mars 2011, um frumvarpið. Samtökin leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að samkeppnisstaða aðila á fjármálamarkaði sé jöfn samkvæmt lögum og að sérstakar viðbótarskyldur sé ekki lagðar á sum fjármálafyrirtæki umfram önnur t.d. á grundvelli eignaraðildar. Sömu leikreglur þurfa að gilda um fjármálafyrirtæki sem hafa fengið starfsleyfi til fjármálaþjónustu frá Fjármálaeftirlitinu. Það á við alla banka og sparisjóði í landinu. Þau þessara fyrirtækja sem nú um stundir eru að meiri hluta í eigu ríkisins eiga ekki að þurfa að búa við ólíka stöðu hvað upplýsingaskyldu varðar en keppinautar þeirra á markaði. Eðlilegt er að undanskilja þau með beinum hætti frá lögunum, í stað þess að gera ráð fyrir möguleika á að sækja um undanþágu eins og segir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Jóna Björk Guðnadóttir

Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.

Borgartún 35, 105 Sími 5910400 Fax 5910419 www.sff.is